



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum. 28. nóvember 2005.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram á 133. löggjafarþingi 2005- 2006.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að með því sé ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið í Íslandi í samræmi við fjórar gerðir Evrópusambandsins, þ. á m. tvær sem kveða á um efnisbreytingar á Schengensamningnum, meðal annars vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum. Hér ber í upphafi að leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggt sé að hvers kyns aðgerðir sem ætlað er að sporna gegn hryðjuverkastarfsemi samræmist mannréttindareglum sem Ísland hefur undirgengist.

Fyrirhugaðar breytingar hafa í för með sér að fjölgað er tegundum upplýsinga sem hægt er að skrá inn í Schengen-upplýsingakerfið. Mannréttindaskrifstofa Íslands lýsir áhyggjum sínum af orðalagi f-liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins um breytingar á 5. gr. laga nr. 16/2004 en þar er kveðið á um að í upplýsingakerfið megi skrá “hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða **á flótta**.” Fólk “á flótta” getur á íslenskri tungu bæði átt við um einstaklinga sem eru á flótta undan réttvísinni en einnig þá sem flýja ofsóknir, t.d. flóttamenn, hælisleitendur og fórnarlömb mansals. Í gerðum Evrópusambandsins er talað um að skrá einstaklinga sem (í enska texta): “have escaped”. Mannréttindaskrifstofan telur því að æskilegt að í lögnum verði notað “á flótta undan réttvísinni” (sem finna má í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu) í stað “á flótta” svo tekin séu af öll tvímæli um til hverra lögin ná og skýrt sé að þau taki ekki til annarra hópa, s.s. flóttamanna sbr. flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna frá 1951.

Breytingarnar hafa í för með sér að miðlun nauðsynlegra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu kerfisins er auðvelduð og fleirum veittur aðgangur að því en áður. Að sama skapi eru ákvæði um eyðingu upplýsinga einfölduð og sérstök ákvæði eru sett um eyðingu viðbótarupplýsinga og eftirlit með aðgangi að kerfinu hert. Hér telur skrifstofan mikilvægt að skýrt sé tiltekið hvað teljist til “nauðsynlegra viðbótarupplýsinga” svo ekki sé heimild til að veita víðtækari persónuupplýsingar en nauðsyn krefur.

Ljóst er að fyrirhugaðar breytingar hafa í för með sér aukinn aðgang og miðlun persónuupplýsinga. Mannréttindaskrifstofan telur brýnt að yfirvöld tryggi samfara breytingunum að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs sem kveðið er á um í 71. gr. Stjórnarskár Lýðveldisins Íslands og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þá er nauðsynlegt að tryggja áreiðanleika upplýsinganna og gæði og virkt eftirlit með því að notkun og miðlun upplýsinga



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

samræmist mannréttindasamþykktum sem Ísland aðild að, sem kveða m.a. á um rétt til að taka við upplýsingum og rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.